

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2015¹

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2015 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 3,3 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 29,7 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nemur 2,1 ma.kr. en þjónustujöfnuður mældist hagstæður um 19,5 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var óhagstæður um 10,8 ma.kr. og rekstrarframlög um 3,2 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var hagstæður um 12 ma.kr. samanborið við 38,6 ma.kr. fjórðunginn á undan.

Halli á þáttatekjum er eins og áður að miklu leyti vegna innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 13,2 ma.kr. og tekjur um 4,6 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð námu 8,6 ma.kr. Þáttatekjur án áhrifa þeirra voru því óhagstæðar um 2,2 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.627 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.564 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 7.937 ma.kr. og hækkuðu nettóskuldir um 131 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 4.042 ma.kr. og skuldir 4.031 ma.kr. Hrein staða var því jákvæð um 12 ma.kr. og lækkuðu nettóskuldir um 122 ma.kr. á ársfjórðungnum. Í töflu 2 er rakin þróun helstu eigna- og skuldaliða á ársfjórðungnum og eru breytingar sundurgreindar í viðskipti í fjármagnsjöfnuði, gengis- og verðbreytingar og aðrar breytingar. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 16 ma.kr. bættrar erlendar stöðu. Þar af hækkuðu erlendar eignir um 181 ma.kr. og skuldir um 165 ma.kr. vegna viðskiptanna. Áhrif gengisbreytinga á erlenda stöðu þjóðarbúsins voru umtalsverð en sem dæmi lækkaði gengi krónunnar um rúm 8% gagnvart Bandaríkjadal og tæp 3% gagnvart sterlingspundi. Aftur á móti hækkaði gengi krónunnar um tæp 5% gagnvart evru. Í heild hækkaði þó gengi krónu um 0,7% miðað við gengisskráningarvog. Verð erlendra hluta- og skuldabréfa

¹ Seðlabanki Íslands innleiddi hinn 2. september 2014 nýja staðla fyrir hagtölur greiðslujafnaðar og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Nánar er greint frá breytingunum í Upplýsingariti Seðlabankans nr. 5, sjá: <http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/Uppl%C3%BDsingarit/Uppl%C3%BDsingarit%20nr%20%205.pdf>

² Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

hækkaði að meðaltali um tæp 2%. Samanlögð áhrif gengis- og verðbreytinga leiddu til lakari stöðu sem nam 200 ma.kr. en á ársfjórðungnum hækkuðu erlendar eignir um 109 ma.kr. og erlendar skuldir um 309 ma.kr. vegna þeirra. Aðrar breytingar á eignum og skuldum leiddu til betri erlendar stöðu þjóðarbúsins um sem nam 53 ma.kr.

Undirliggjandi erlend staða

Athygli er vakin á því að í dag er greining á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins einnig birt á vef Seðlabanka Íslands.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2014, I</u>	<u>2014, II</u>	<u>2014, III</u>	<u>2014, IV</u>	<u>2015, I</u>
Viðskiptajöfnuður	-1,0	10,3	45,1	29,7	3,3
Vöruskiptajöfnuður	-1,1	-14,0	-11,3	15,4	-2,1
Þjónustujöfnuður	15,6	32,7	78,7	11,8	19,5
Jöfnuður frumþáttatekna	-11,3	-4,3	-17,7	7,1	-10,8
Rekstrarframlög, nettó	-4,3	-4,1	-4,7	-4,6	-3,2
Jöfnuður fjárframlaga	-0,6	-0,2	-0,4	-0,4	-0,1
Fjármagnsjöfnuður	6,9	39,7	-7,6	70,3	16,2
Bein fjárfesting	-2,5	-24,6	-77,6	23,8	-129,0
Verðbréf	30,8	5,6	-116,2	-65,5	-47,8
Afleiður	-0,5	-0,2	0,5	-0,5	-2,7
Önnur fjárfesting	-10,8	47,1	129,0	135,5	134,6
Gjaldeyrisforði	-10,0	11,8	56,7	-23,0	61,1
Skekkjur og vantalið, nettó	8,5	29,6	-52,3	41,0	13,0

Liðir til skýringar:

Viðskiptajöfnuður án					
áhrifa gömlu bankanna	7,2	20,1	54,6	38,6	12,0

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q4 2014	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q1 2015
Erlendar eignir, alls	5.306	181	109	31	5.627
Bein fjárfesting	2.176	-27	30	11	2.189
Verðbréf	1.323	-7	81	-1	1.396
Afleiður	12	-3	2	0	12
Önnur fjárfesting	1.266	157	-6	20	1.438
Gjaldeyrisforði	530	61	1	0	593
Erlendar skuldir, alls	13.112	165	309	-22	13.564
Bein fjárfesting	2.105	102	8	-3	2.212
Verðbréf	6.043	41	180	-3	6.261
Afleiður	18	0	0	4	22
Önnur fjárfesting	4.947	23	120	-19	5.070
Hrein staða við útlönd	-7.806	16	-200	53	-7.937
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	-110	27	71	23	12

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.